

# Ísótóparannsókn af beinum - tveggja fasa

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um bein og liði. Rannsóknin er gerð í tvennu lagi með 2-3 klukkustunda millibili. Hvor koma tekur 50-80 mínútur.

## Undirbúningur

- Hætta þarf að taka beinþéttilyf a.m.k. tveimur vikum fyrir rannsókn.
- Ráðlagt er að skilja skartgripa eftir heima.

## Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Þegar búið er að gefa efnið í æð er æðaleggurinn fjarlægður. Það tekur efnið 2-3 klukkustundir að setjast í beinin.
- Fara má af deild milli myndataka, en einnig er velkomið er að biðja á deildinni. Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk í um klukkustund á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á að bílastæðin eru gjaldskyld.

### Koma 1: Gefinn ísótópur og myndataka

- Eftir inngjöf á ísótóp er myndataka í um 30 mínútur.
- Drekkja þarf 500 ml af vökva fyrstu klukkustundina eftir inngjöf.

### Koma 2: Seinni myndataka

- Mæta þarf aftur 2-3 klukkustundum eftir að ísótópur var gefinn.
- Seinni myndatakan tekur 60-80 mínútur.

## Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekkja vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvelli. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)